

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990 - 2010, aðkomuleiðir að hafnarsvæði og miðbær, Fjarðabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Áætluð gata vestast og syðst á iðnaðar- og hafnarsvæði verður lögð af ásamt iðnaðar- og hafnarsvæði vestan hennar.

Ægisgata verður framlengd og tengist Hjallanesi, Búðareyri og Norðfjarðarvegi sunnan tjaldsvæðis merkt U3.

Búðareyri verður framlengd og fyrirhugaðri legu hennar breytt þannig að hún komi í hringtorg að norðan.

Tjaldsvæði (opið svæði til sérstakra nota) verður lagað að breyttri legu Búðareyrar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingarar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. september 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*